

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2025

2025/EES/46/21

frá 8. maí 2025

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2767 frá 13. desember 2023 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2866 frá 15. desember 2023 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 með því að ákvarða verklagsreglur um framkvæmd sannprófana á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fólksbifreiða og léttu atvinnuökutækja í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/889 frá 15. mars 2024 um að leiðrétta hollensku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2866 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 með því að ákvarða verklagsreglur um framkvæmd sannprófana á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fólksbifreiða og léttu atvinnuökutækja í notkun (sannprófun ökutækja í notkun) ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2767 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerðir framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 ⁽⁴⁾ og (ESB) nr. 427/2014 ⁽⁵⁾ sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.
- 5) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 21azq (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/865):

„21azr. **32023 R 2767**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2767 frá 13. desember 2023 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjtið. ESB L, 2023/2767, 14.12.2023).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2767, 14.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2767/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2866, 18.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2866/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/889, 18.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/889/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 57.

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr. 3. gr.:

„Umsækjendur með staðfestu EFTA-ríkjunum skulu senda framkvæmdastjórninni umsóknir samkvæmt þessari grein. Framkvæmdastjórnin skal veita slíkum umsóknum sama forgang og öðrum umsóknum samkvæmt þessari grein.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr. 6. gr.:

„Ákvarðanir um viðurkenningu á tækni fyrir vistvæna nýsköpun samkvæmt þessari grein gilda almennt og skulu teknar upp í EES-samninginn.“

21azs. **32023 R 2866**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2866 frá 15. desember 2023 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 með því að ákvarða verklagsreglur um framkvæmd sannprófana á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja í notkun (sannpröfun ökutækja í notkun) (Stjtið. ESB L, 2023/2866, 18.12.2023), eins og henni var breytt með:

– **32024 R 0889**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/889 frá 15. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/889, 18.3.2024).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn, er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA að því er varðar framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 1. og 2. mgr. 16 gr.“

2. Texti liðar 21aeb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011) og 21ayc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2014) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2767, (ESB) 2023/2866 og (ESB) 2024/889, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.